



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 02. maí 2017

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar. (Þingskjal 507 — 378. mál.)

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

## **Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boðið um að senda inn umsögn um ofan nefnda þingsályktunartillögu. Barnaheill áttu fulltrúa í ráðgjafahópi nefndarinnar sem skipuð var til að semja nýja framkvæmdaáætlun í barnavernd og þakka ennfremur fyrir tækifærið til þátttöku við mótun hennar.

Barnaheill styðja aðgerðir þær sem fram koma í framkvæmdaáætluninni og gera ekki athugasemdir við þær en vilja benda á eftirfarandi:

Samtökin hafa áhyggjur af vinnuálagi starfsfólks barnaverndar sem getur haft áhrif á gæði starfsins, sem kemur mögulega illa niður á þjónustupegum kerfisins. Mikilvægt er að tryggja að mála fjöldi hvers starfsmanns sé ekki umfram það sem hann kemst yfir að sinna. Þó gert sé ráð fyrir í áætluninni að vinnuálag verði metið kerfisbundið, eru ekki settar fram aðgerðir um viðbrögð við álagi og hvernig megi koma í veg fyrir of mikinn mála fjölda.

Barnaheill hafa ástæðu til að ætla að ímynd barnaverndar sé enn ansi neikvæð og leggja til að efnt verði til vitundarvakningar um mikilvægi barnaverndarkerfisins og um tilkynningarskylduna skv. barnaverndarlögum. Samtökin hafa í sínum störfum lagt áherslu á að kynna barnaverndarkerfið sem stuðningsþjónustu og hvetja almenning til að sinna tilkynningarskyldu sinni, því tilkynning til barnaverndar sé kall á hjálp fyrir viðkomandi barn.

Samtökin fagna því að til standi að endurskoða barnaverndarlögin því þau telja það tímabært. Vilja samtökin sjá meiri áherslu á þátttöku barna í meðferð mála í lögnum og jafnframt mikilvægi snemmtækra íhlutunar. Mikilvægt er að framkvæmd barnaverndarmála miði að því að styrkja foreldra í hlutverki sínu og sem einstaklinga. Einnig vilja samtökin sjá áherslu á að styrkja sjálfsmynd barna og að börn upplifi að þau hafi áhrif á meðferð mála, sér í lagi eftir því sem þau vaxa og þroskast. Því miður þekkja samtökin dæmi þess að foreldrar upplifi alls ekki virðingu eða stuðning frá barnaverndarstarfsfólki heldur þvert á móti að barnavernd hafi fyrirfram ákveðnar skoðanir á vanhæfni þeirra sem foreldrar og að ekki sé unnið með styrkleika og hvatningu. Það telja samtökin ekki vera mannúðlega nálgun. Samtökin vita þó til þess að ný viðhorf séu að ryðja sér til rúms innan barnaverndarkerfisins og fagna því mjög, þar sem unnið er með styrkleika fólks en ekki einblýnt á galla eða skort á hæfni. Jafnframt fagna samtökin þeirri áherslu sem lögð er á nú orðið að vinna mál sem mest inni á heimilum barna, í góðu samstarfi við fjölskylduna. Brýnt er að meðalhófsregla sé ávallt virt í öllum málum þannig að úrræði sem valin eru hafi eins lítill óþægindi í för með sér fyrir barnið og hægt er miðað við markmið sem stefnt er að.

Barnaheill vilja að lokum minna á mikilvægi þess að börn njóti jafn góðrar þjónustu óháð búsetu og óháð stöðu sinni eða foreldra þeirra. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem samtökin hafa að leiðarljósi í öllu sínu starfi, skulu aðildarríki tryggja börnum öll réttindi sáttmálans án mismununar af nokkru tagi.